

ELSKUM FÓLK

OG GERUM ÞAÐ AÐ LÆRISVEINUM





ELSKUM FÓLK OG GERUM ÞAÐ AÐ LÆRISVEINUM

Nafn _____

Söfnuður _____

Rétthafar mynda: Bls. 28: NASA, ESA og Hubble Heritage Team (STScI/AURA)-ESA/Hubble Collaboration. Leyfi samkvæmt CC BY 4.0 (<http://creativecommons.org/licenses/by/4.0/>). Heimild: <https://esahubble.org/images/heic0702a/>. Bls. 29: Gerð eftir mynd frá NASA/Visible Earth.

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri bibliufræðslu sem er kostuð með frjálsum framlögum.

Þú getur farið inn á donate.jw.org til að gefa framlag.

Nema annað sé tekið fram er vitnað í *Nýheimsþýðingu Biblíunnar*.

Love People – Make Disciples

Prentað í maí 2023

Icelandic (*Imd-IC*)

© 2023

Watch Tower Bible and Tract Society of Pennsylvania

Útgefendur:

© Wachturm Bibel- und Traktat-Gesellschaft, Selters/Ts.

Made in Germany

Prentað í Þýskalandi

Bréf frá hinu stjórnandi ráði

Kæru bræður og systur:

Kærleikur til Guðs og náungans hvetur okkur til að „gera fólk af öllum þjóðum að lærisveinum og skíra það“. (Matt. 28:19, 20; Mark. 12:28–31) Óeigingjarn kærleikur býr yfir krafti og hreyfir við hjörtum þeirra „sem hafa það hugarfar sem þarf til að hljóta eilíft líf“. – Post. 13:48.

Áður lögðum við áherslu á að læra kynningar og skilja eftir rit. Nú þurfum við að bæta samræðulistina. Við viljum sýna öðrum kærleika með því að tala um málefni sem liggja *þeim* á hjarta. Það þýðir að við þurfum að vera sveigjanleg og miða umræður okkar út frá einstaklingnum, áhyggjum hans og hugðarefnum. Hvernig getur þessi bæklingur hjálpað okkur við það?

Bæklingurinn skiptist í 12 kafla. Hver kafla leggur áherslu á ákveðinn eiginleika sem við þurfum að rækta með okkur til að vera kærleiksrík þegar við gerum fólk að lærisveinum. Kaflarnir sýna hver um sig hvernig Jesús eða aðrir boðberar fagnaðarboðskaparins á fyrstu öld sýndu þennan eiginleika í boðuninni. Markmiðið er ekki að læra kynningar utanbókar heldur að leita leiða til að sýna fólki kærleika. Þótt þessir eiginleikar eigi alltaf við í boðuninni skoðum við hvernig sumir þeirra eru sérstaklega gagnlegir þegar við hefjum samræður, förum í endurheimsóknir og höldum biblíunámskeið.

Við lestur hvers kafla skaltu hugleiða vel hvernig þú getur sýnt umræddan eiginleika þegar þú talar við fólk í nágrenni við þig. Leitastu við að dýpka kærleika þinn til Jehóva og fólks almennt. Kærleikurinn er áhrifaríkari en nokkur tækni og hann mun hjálpa þér að gera fólk að lærisveinum en það er aðalmarkmið okkar.

Það er okkur mikið gleðiefni að vinna ykkur við hlið. (Sef. 3:9) Megi Jehóva blessa ykkur ríkulega þegar þið haldið áfram að elska fólk og gera það að lærisveinum.

Bræður ykkar,
stjórnandi ráð Votta Jehóva.

Efnisyfirlit

1. HLUTI: AÐ HEFJA SAMRÆÐUR

KAFLI

Áhugi á öðrum	1
Vertu eðlilegur	2
Góðvild	3
Auðmýkt	4
Háttvísi	5
Hugrekki	6

2. HLUTI: EFTIRFYLGNI

KAFLI

Prautseigja	7
þolinmæði	8
Samkennd	9

3. HLUTI: AÐ GERA FÓLK AÐ LÆRISVEINUM

KAFLI

Ábyrgðartilfinning	10
Einfaldleiki	11
Hreinskilni	12

VIÐAUKAR

Sannindi sem við njótum að kenna	A
Ættirðu að binda enda á samtalið?	B
Að halda biblíunámskeið með hjálp bókarinnar <i>Von um bjarta framtíð</i>	C

1

Jóh. 4:6–9



Áhugi á öðrum

Meginregla: „Kærleikurinn ... hugsar ekki um eigin hag.“ – 1. Kor. 13:4, 5.

Hvernig fór Jesús að?

1. Horfðu á **MYNDBANDIÐ** eða **lestu Jóhannes 4:6–9**.

Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Eftir hverju tók Jesús áður en hann tók konuna tali?
- Jesús sagði: „Gefðu mér að drekka.“ Hvers vegna var þetta áhrifarík leið til að hefja samræður?

Hvað lærum við af Jesú?

2. Ef við vekjum máls á málefni sem fólk hefur áhuga á er líklegra að samræðurnar verði ánægjulegar.



MYNDBAND: Jesús og konan við brunninn

Líkjum eftir Jesú

3. **Verum sveigjanleg.** Reyndu ekki að þvinga fram samræður um málefni sem *þú* hefur undirbúið. Vektu máls á því sem *fólk* hugsar um á líðandi stundu. Veltu fyrir þér:

- a. Hvað er í fréttunum?
- b. Hvað eru nágrannar, vinnufélagar og bekkjarfélagar að tala um?

4. **Verum athugul.** Veltu fyrir þér:

- a. Hvað er viðkomandi að gera þá stundina? Hvað gæti hann verið að hugsa um?
- b. Hvað segja fötin, útlitið og heimilið um skoðanir hans og menningu?
- c. Er þetta hentugur tími til að hefja samræður?

5. **Hlustum.**

- a. Ekki tala of mikið.
- b. Hvettu viðmælandann til að tjá sig. Spyrðu spurninga þegar við á.

SJÁ EINNIG

Matt. 7:12; 1. Kor. 9:20–23; Fil. 2:4; Jak. 1:19

2

Post. 8:30, 31



Vertu eðlilegur

Meginregla: „Hvað er betra en orð á réttum tíma!“
– Orðskv. 15:23.

Hvernig fór Filippus að?

1. Horfðu á **MYNDBANDIÐ** eða **lestu Postulasöguna 8:30, 31**.
Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig hóf Filippus samræðurnar?
- Hvers vegna var þetta eðlileg leið til að hefja samræður og kenna manninum ný sannindi?

Hvað lærum við af Filippusi?

2. Ef við leyfum samræðunum að hafa sinn eðlilega gang er líklegra að viðmælandinn sé afslappaður og tilbúinn til að hlusta á boðskapinn.



MYNDBAND: Filippus boðar
eþiópískum hirðmanni trúna

Líkjum eftir Filippusi

3. **Verum athugul.** Svipbrigði fólks og líkamstjáning gefur margt til kynna. Lítur út fyrir að viðkomanda langi til að tala við þig? Þú gætir kynnt biblíusannindi með því að spyrja einfaldlega: „Vissirðu að ...?“ Ekki reyna að þvinga fram samræður við einhvern sem vill ekki tala.

4. **Verum polinmóð.** Ekki halda að þú þurfir strax að hefja umræður um Biblíuna. Bíddu eftir rétta augnablikinu svo að það gerist eðlilega. Stundum getur það þýtt að þú þurfir að bíða þar til þið hittist næst.


5. **Verum sveigjanleg.** Samtal getur tekið óvænta stefnu. Vertu því fús til að tala um eitthvað sem *snertir viðmælandann persónulega* þó svo að þú þurfir að ræða önnur biblíusannindi en þú hafðir í huga.

SJÁ EINNIG

Préd. 3:1, 7; 1. Kor. 9:22; 2. Kor. 2:17; Kól. 4:6

3

Jóh. 9:1–7



Góðvild

Meginregla: „Kærleikurinn er ... góðviljaður.“

– 1. Kor. 13:4.

Hvernig fór Jesús að?

1. Horfðu á **MYNDBANDIÐ** eða **lestu Jóhannes 9:1–7**. Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Á hverju byrjaði Jesús – að lækna blinda manninn eða segja honum frá fagnaðarboðskapnum? – Sjá Jóhannes 9:35–38.
- Hvers vegna ætli þessi nálgun Jesú hafi gert manninn móttækilegri fyrir fagnaðarboðskapnum?

Hvað lærum við af Jesú?

2. Fólk er líklegra til að hlusta á boðskapinn ef það finnur að okkur er annt um það.



MYNDBAND: Jesús læknar blindan mann

Líkjum eftir Jesú

3. **Sýnum samkennd.** Reyndu að ímynda þér hvernig viðmælanda þínum líður.

- a. Veltu fyrir þér: Hvaða áhyggjur ætli hvíli á honum? Hvað fyndist honum gagnlegt að heyra? Og hvað gæti höfðað til hans? Með þessu móti geturðu sýnt góðvild á eðlilegan og einlægan hátt.
- b. Þegar þú hlustar ertu að sýna að þú hafir áhuga á því sem er efst í huga viðmælanda þíns. Ekki skipta um umræðuefni þegar fólk segir þér hvernig því er innanbrjósts eða tjáir sig um vandamál sem það er að glíma við.

4. **Verum vingjarnleg í tali og sýnum virðingu.** Ef þú hefur samkennd með fólki og langar raunverulega til að hjálpa því mun það endurspeglast í tali þínu. Veldu orð þín vandlega og hugsaðu um raddblæinn. Forðastu að segja eitthvað sem gæti verið særandi.

5. **Verum hjálpsöm.** Vertu vakandi fyrir tækifærum til að rétta fólki hjálparhönd þegar við á. Verk sprottin af góðvild geta rutt brautina að samræðum.

SJÁ EINNIG

Rómv. 12:15, 16; Gal. 6:10; Hebr. 13:16

4

Post. 26:2, 3



Auðmýkt

Meginregla: „Verið auðmjúk og lítið á aðra sem ykkur meiri.“ – Fil. 2:3.

Hvernig fór Páll að?



MYNDBAND: Páll boðar
Agrippu konungi trúna

1. Horfðu á **MYNDBANDIÐ** eða **lestu Postulasöguna 26:2, 3**. Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig birtist auðmýkt Páls í því hvernig hann talaði við Agrippu konung?
- Hvernig beindi Páll athyglinni að Jehóva og Ritningunum en ekki sjálfum sér? – Sjá Postulasöguna 26:22.

Hvað lærum við af Páli?

2. Boðskapurinn er meira aðlaðandi þegar við boðum hann af auðmýkt og virðingu.

Líkjum eftir Páli

3. **Tölum af virðingu.** Ekki láta í það skína að þú vitir allt og viðmælandinn viti ekki neitt.

4. **Það þarf að vera ljóst að við byggjum kennslu okkar á Biblíunni.** Orð Guðs snertir hjörtu fólks. Þegar við notum Biblíuna erum við að byggja trú þess á réttum grunni.

5. **Verum alltaf mild.** Ekki reyna að eiga síðasta orðið. Við viljum ekki rífast. Sýndu auðmýkt með því að halda rónni og átta þig á hvenær tímabært er að yfirgefa svæðið. (Orðskv. 17:14; Tít. 3:2) Ef þú svarar mildilega eru meiri líkur á að viðkomandi vilji hlusta á boðskapinn síðar meir.

SJÁ EINNIG

Rómv. 12:16–18; 1. Kor. 8:1; 2. Kor. 3:5

5

Post. 17:22, 23



Háttvísi

Meginregla: „Verið alltaf vingjarnleg í tali.“
– Kól. 4:6.

Hvernig fór Páll að?



MYNDBAND: Páll boðar
Aðeningum trúna

1. Horfðu á **MYNDBANDIÐ** eða **lestu Postulasöguna 17:22, 23**. Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:
 - a. Hvað fannst Páli um skurðgoðadýrkunina sem var stunduð í Aðenu? – Sjá Postulasöguna 17:16.
 - b. Í stað þess að fordæma trúariðkun Aðeninga vísaði Páll í hana til að koma háttvíslega inn á fagnaðarboðskapinn. Hvernig fór hann að?

Hvað lærum við af Páli?

2. Fólk er líklegra til að hlusta á okkur ef við hugsum vel um hvað við segjum, og hvenær og hvernig við segjum það.

Líkjum eftir Páli

3. **Vöndum orðavalið.** Þegar þú ert til dæmis að tala við einhvern sem er ekki kristinn gætirðu þurft að kynna Biblíuna og Jesú til sögunnar með öðrum hætti en venjulega.

4. **Verum ekki fljót til að leiðrétta viðmælanda okkar.** Leyfðu honum að tjá sig frjálsglega. Ef hann segir eitthvað sem stangast á við Biblíuna skaltu sporna gegn tilhneigingunni til að fara út í deilur. (Jak. 1:19) Með því að hlusta á hann kynnistu viðhorfum hans betur. – Orðskv. 20:5.

5. **Hrósum viðmælanda okkar og verum sammála honum þegar við á.** Kannski er hann alveg sannfærður um að trúarskoðanir hans séu réttar. Byrjaðu á því að finna sameiginlegan grundvöll og síðan geturðu hjálpað honum stig af stigi að skilja hvað Biblían kennir.

SJÁ EINNIG

Orðskv. 25:15; 2. Tím. 2:23–26; 1. Pét. 3:15

6

Lúk. 19:1-7



Hugrekki

Meginregla: 'Við tókum í okkur kjark með hjálp Guðs til að flytja ykkur fagnaðarboðskap hans.'
– 1. Þess. 2:2.

Hvernig fór Jesús að?



MYNDBAND: Jesús boðar Sakkeusi trúna

1. Horfðu á **MYNDBANDID** eða **lestu Lúkas 19:1-7**. Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvers vegna gætu sumir hafa forðast Sakkeus?
- Hvað knúði Jesú til að boða honum fagnaðarboðskapinn þrátt fyrir það?

Hvað lærum við af Jesú?

2. Við þurfum að vera hugrökk til að boða fagnaðarboðskapinn án manngreinarálits.

Líkjum eftir Jesú

3. **Reiðum okkur á Jehóva.** Andi Guðs gaf Jesú kraft til að flytja boðskapinn og hann getur gert það sama fyrir þig. (Matt. 10:19, 20; Lúk. 4:18) Biddu Jehóva um kjark til að tala við þá sem þú gætir verið smeykur við. – Post. 4:29.

4. **Dæmum fólk ekki fyrir fram.** Við gætum hikað við að nálgast suma vegna ytra útlits, þjóðfélagsstöðu eða efnahags, líferniss eða trúarskoðana. En mundu þetta:

- a. Jehóva og Jesús geta lesið hjörtun en ekki við.
- b. Miskunn Jehóva nær til allra.

5. **Finum jafnvægið milli hugrekkis annars vegar og háttvísi og varkárni hins vegar.** (Matt. 10:16) Forðastu deilur. Ljúktu samtalinu kurteislega ef þér finnst viðmælandinn ómóttækilegur gagnvart fagnaðarboðskapnum eða ef þú óttast um öryggi þitt. – Orðskv. 17:14.

SJÁ EINNIG

Post. 4:31; Ef. 6:19, 20; 2. Tím. 1:7

7

Post. 19:8–10



Þrautseigja

Meginregla: „Þeir ... héldu sleitulaust áfram að kenna og boða fagnaðarboðskapinn.“ – Post. 5:42.


Hvernig fór Páll að?

1. Horfðu á **MYNDBANDIÐ** eða **lestu Postulasöguna 19:8–10**. Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig sýndi Páll seiglu þegar hann hjálpaði þeim sem sýndu áhuga þrátt fyrir andstöðu sumra?
- Hversu oft fór Páll aftur til að hitta hina áhugasömu og hversu lengi stóð þetta tímabil?

Hvað lærum við af Páli?

2. Við þurfum að taka frá tíma og leggja okkur fram til að endurheimsóknir okkar skili árangri og við getum hafið biblíunámskeið.



MYNDBAND: Páll sýnir þrautseigju í Efesus

Líkjum eftir Páli

3. **Lagaðu dagskrá þína að áætlun viðmælandans.** Veltu fyrir þér: Hvenær eru mestar líkur á að ég hitti hann? Hvar og hvenær eru mestar líkur á að við getum spjallað saman? Vertu tilbúinn til að hitta hann jafnvel þótt tímasetningin henti þér ekki.

4. **Mælið ykkur mót.** Í lok hvers samtals skaltu reyna að negla niður tíma þar sem þið getið rætt saman aftur. Haltu þig við skuldbindinguna.


5. **Vertu vongóður.** Vertu ekki fljótur til að álykta að sá sem er sjaldan heima eða önnur kafinn sé áhugalaus. (1. Kor. 13:4, 7) Reyndu frekar að finna jafnvægið milli þrautseigju og þess að nota tíma þinn viturlega. – 1. Kor. 9:26.

SJÁ EINNIG

Post. 10:42; 1. Kor. 9:22, 23; 2. Kor. 4:1; Gal. 6:9

8

Jóh. 7:3–5
1. Kor. 15:3, 4, 7



Þolinmæði

Meginregla: „Kærleikurinn er þolinmóður.“
– 1. Kor. 13:4.

Hvernig fór Jesús að?



MYNDBAND: Jesús er þolinmóður við bróður sinn

1. Horfðu á **MYNDBANDIÐ** eða **lestu Jóhannes 7:3–5** og **1. Korintubréf 15:3, 4, 7**. Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig brugðust bræður Jesú við boðskapnum til að byrja með?
- Hvað sýnir að Jesús gafst ekki upp á Jakobi bróður sínum?

Hvað lærum við af Jesú?

2. Við þurfum að vera þolinmóð þar sem fólk þarf mislangan tíma til að átta sig á fagnaðarboðskapnum.

Líkjum eftir Jesú

3. **Reynum aðra nálgun.** Ekki þrýsta á fólk þó að það samþykki ekki strax biblíunámskeið. Þegar hentugur tími gefst gætirðu notað myndbönd eða greinar til að sýna viðkomanda hvernig biblíunámskeið fer fram og hvernig hann gæti haft gagn af því.

4. **Forðumst samanburð.** Engir tveir eru eins. Ef einhver í fjölskyldunni eða einstaklingur sem þú heimsækir reglulega hikar við að þiggja biblíunámskeið, eða er ósammála einhverju sem Biblían kennir, skaltu velta fyrir þér hvers vegna svo sé. Er hann tengdur ákveðnum trúarskoðunum tilfinningalegum böndum? Finnur hann fyrir þrýstingi frá ættingjum eða nágrönnum? Gefðu honum tíma til að hugsa um það sem þú hefur sagt og koma auga á gildi þess sem Biblían segir.

5. **Biðjum fyrir hinum áhugasama.** Biddu Jehóva um hjálp til að vera jákvæður og nærgætinn. Biddu um dómgreind til að vita hvenær tímabært er að hætta að heimsækja einstakling sem sýnir lítinn áhuga. – 1. Kor. 9:26.

SJÁ EINNIG

Mark. 4:26–28; 1. Kor. 3:5–9; 2. Pét. 3:9

9

Mark. 6:30–34



Samkennd

Meginregla: „Gleðjist með þeim sem gleðjast. Grátið með þeim sem gráta.“ – Rómv. 12:15.

Hvernig fór Jesús að?

1. Horfðu á **MYNDBANDIÐ** eða **lestu Markús 6:30–34**. Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvers vegna voru Jesús og postularnir að vonast til að geta verið einir?
- Hvað knúði Jesú til að kenna mannfjöldanum?

Hvað lærum við af Jesú?

2. Samkennd er mikilvæg svo að fólk finni að okkur er umhugað um velferð þess en ekki aðeins um að koma boðskapnum á framfæri.



MYNDBAND: Jesús kennir í brjósti um mannfjöldann

Líkjum eftir Jesú

3. **Vertu góður áheyrandi.** Leyfðu viðkomanda að tjá sig. Gríptu ekki fram í og vertu ekki fljótur að gera lítið út tilfinningum hans, áhyggjum eða andmælum. Með því að sýna honum óskipta athygli finnur hann að þér stendur ekki á sama um hvað honum finnst.

4. **Hafðu hinn áhugasama ofarlega í huga.** Með hliðsjón af samræðum ykkar geturðu spurt þig:

- a. Hvers vegna þarf hann á sannleikanum að halda?
- b. Hvernig getur biblíunám bætt líf hans nú og í framtíðinni?

5. **Veldu umræðuefni sem mætir þörfum hans.** Um leið og færi gefst skaltu sýna hvernig biblíunám getur svarað spurningum hans og nýst honum í lífi og starfi.

SJÁ EINNIG

Rómv. 10:13, 14; Fil. 2:3, 4; 1. Pét. 3:8

10

Jóh. 3:1, 2



Ábyrgðartilfinning

Meginregla: „Okkur þótti svo innilega vænt um ykkur að við vorum ekki aðeins ákveðnir í að gefa ykkur fagnaðarboðskap Guðs heldur líka okkar eigið líf.“
– 1. Þess. 2:8.

Hvernig fór Jesús að?

1. Horfðu á **MYNDBANDIÐ** eða **lestu Jóhannes 3:1, 2**. Huggleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvers vegna ætli Nikódemus hafi kosið að koma til Jesú að næturlagi? – Sjá Jóhannes 12:42, 43.
- Hvernig sýndi Jesús að hann tók alvarlega þá ábyrgð að gera fólk að lærisveinum þegar hann hitti Nikódemus að næturlagi?

Hvað lærum við af Jesú?

2. Við sýnum að við elskum fólk með því að hjálpa því að verða lærisveinar þótt það kosti okkur ýmiss konar fórnir.



MYNDBAND: *Jesús kennir Nikódemusi*

Líkjum eftir Jesú

3. Höldum biblíunámskeiðið á tíma sem hentar nemandanum.

Vera má að einhver ákveðinn dagur vikunnar eða tími dags henti honum. Fyndist honum þægilegra að hittast á vinnustaðnum sínum, heima hjá sér eða á almenningsstað? Gerðu þitt besta til að laga þína dagskrá að þörfum hans.

4. **Höfum reglu á náminu.** Ekki afboða námsstundina þótt þú sért fjarverandi. Hugleiddu þessa valkosti:

- a. Gætuð þið haft námsstundina á öðrum tíma þá vikuna?
- b. Gætuð þið verið með námsstund símleiðis eða með fjarfundarbúnaði?
- c. Geturðu beðið annan boðbera um að hlaupa í skarðið?

5. **Biðjum um rétt viðhorf.** Biddu Jehóva um hjálp til að finna til ábyrgðar gagnvart nemandanum jafnvel þótt hann eigi erfitt með að sýna reglufestu hvað varðar námið eða fylgja ráðum Biblíunnar. (Fil. 2:13) Án efa hefur nemandinn marga góða kosti. Biddu Jehóva að hjálpa þér að muna eftir þeim.

SJÁ EINNIG

Orðskv. 3:27; Post. 20:35; 2. Kor. 12:15

11

Matt. 6:25–27



Einfaldleiki

Meginregla: „Notið ... tunguna til að tala auðskilið mál.“ – 1. Kor. 14:9.

Hvernig fór Jesús að?

1. Horfðu á **MYNDBANDIÐ** eða **lestu Matteus 6:25–27**.

Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvernig kemur umhyggja Jehóva fram í líkingu Jesú?
- Jesús var margfróður um fugla en á hvaða einföldu staðreynd benti hann? Hvers vegna var þetta áhrifarík leið?

Hvað lærum við af Jesú?

2. Ef við kennum með einföldum hætti man fólki frekar eftir kennslunni og hún snertir hjörtu þess.



MYNDBAND: Jesús lýsir hve vænt Guði þykir um okkur

Líkjum eftir Jesú

3. **Tölum ekki of mikið.** Einbeittu þér að námsefninu í stað þess að tjá þig um allt sem þú veist um efnið. Bíddu rólega eftir svari þegar þú hefur borið upp spurningu. Ef nemandinn veit ekki svarið eða segir eitthvað sem samræmist ekki Biblíunni skaltu nota aukaspurningar sem hjálpa honum að rökhugsa málið. Eftir að hann hefur skilið kjarna málsins skaltu ekki teygja lopann.

4. **Hjálpaðu nemandanum að tengja ný sannindi við það sem hann veit nú þegar.** Áður en farið er yfir kafla um uppreisuna væri til dæmis hægt að rifja upp í stuttu máli það sem nemandinn hefur lært um dauðann.

5. **Vöndum val okkar á líkingum.** Áður en þú notar líkingu skaltu velta fyrir þér eftirfarandi:

- a. Er líkingin einföld?
- b. Á nemandinn eftir að skilja hana?
- c. Hjálpar hún nemandanum að muna kennsluna en ekki aðeins líkinguna sjálfa?

SJÁ EINNIG

Matt. 11:25; Jóh. 16:12; 1. Kor. 2:1

12

Mark. 10:17–22



Hreinskilni

Meginregla: „Olía og reykelsi gleðja hjartað, hið sama er að segja um góðan vin sem gefur einlæg ráð.“ – Orðskv. 27:9.

Hvernig fór Jesús að?



MYNDBAND: Jesús gefur ungum ríkum leiðtoga ráð

1. Horfðu á **MYNDBANDID** eða **lestu Markús 10:17–22**.

Hugleiddu síðan eftirfarandi spurningar:

- Hvaða góðu eiginleikum ætli Jesús hafi tekið eftir í fari unga leiðtogans?
- Hvers vegna þurfti Jesús bæði að sýna kærleika og hugrekki til að gefa manninum ráð?

Hvað lærum við af Jesú?

2. Tal okkar þarf að vera kærleiksríkt en við þurfum líka að vera hreinskilin við nemendur okkar svo að þeir geti tekið andlegum framförum.

Líkjum eftir Jesú

3. Hjálpum nemendum okkar að setja sér markmið og ná þeim.

- Notaðu rammann „Markmið“ í lok hvers kafla í námsritinu *Von um bjarta framtíð*.
- Hjálpaðu nemandanum að koma auga á skrefin sem hann þarf að stíga til að ná bæði skammtíma- og langtímamarkmiðum sínum.
- Hrósaðu nemandanum oft fyrir framfarir hans.

4. Áttaðu þig á hvað stendur í vegi fyrir framförum nemandans og hjálpaðu honum að yfirstíga það.

- Spyrðu þig:
 - Hvað gæti hindrað nemanda minn í að stefna í átt til skírnar?
 - Hvaða hjálp gæti hann þurft?
- Biddu Jehóva um hjálp til að vera kærleiksríkur og opinskár þegar þú bendir nemandanum á hvað hann þurfi að gera.

5. Að binda enda á biblíunámskeið.

- Leggðu mat á hvort biblíunemandinn tekur framförum með því að velta fyrir þér eftirfarandi:
 - Fer hann eftir því sem hann er að læra?
 - Mætir hann á samkomur og talar við aðra um sannleikann?
 - Hefur hann áhuga á að verða vottur Jehóva eftir að hafa kynnt sér Biblíuna um þó nokkurn tíma?
- Ef biblíunemandi er áhugalaus um að taka framförum:
 - Spyrðu hann hvað geti hugsanlega haldið aftur af honum.
 - Útskýrðu vingjarnlega fyrir honum hvers vegna þú ætlir að hætta náminu.
 - Upplýstu hann um hvaða skref hann þurfi að stíga áður en þið getið tekið upp þráðinn á ný.

SJÁ EINNIG

Sálm. 141:5; Orðskv. 25:12; 27:6; 1. Kor. 9:26; Kól. 4:5, 6

Sannindi sem við njótum að kenna

Jesús sagði að einlægt fólk myndi bera kennsl á sannleikann þegar það heyrði hann. (Jóh. 10:4, 27) Þess vegna viljum við sýna einföld sannindi í Biblíunni þegar við fáum tækifæri til að tala við fólk. Reyndu að vekja athygli á ákveðnum biblíusannindum með því að spyrja: „Vissirðu að ...?“ eða: „Hefurðu einhvern tíma heyrt að ...?“ Síðan skaltu benda á viðeigandi biblíuvers sem útskýra þessi sannindi. Bara það eitt að segja frá einföldum biblíusannindum getur sáð frækorni í hjarta fólks, frækorni sem Guð getur látið vaxa! – 1. Kor. 3:6, 7.



FRAMTÍÐIN

- 1.** Atburðir liðandi stundar og útbreidd viðhorf gefa til kynna að breytingar séu í vændum.
– Matt. 24:3, 7, 8; Lúk. 21:10, 11; 2. Tím. 3:1–5.
- 2.** Jörðin mun aldrei farast.
– Sálm. 104:5; Préd. 1:4.
- 3.** Vistkerfi jarðar munu ná sér að fullu.
– Jes. 35:1, 2; Opín. 11:18.
- 4.** Allir munu búa við fullkomna heilsu.
– Jes. 33:24; 35:5, 6.
- 5.** Þú getur lifað að eilífu á jörðinni.
– Sálm. 37:29; Matt. 5:5.

FJÖLSKYLDAN

- 6.** Eiginmaður ætti að „elska eiginkonu sína eins og sjálfan sig“.
– Ef. 5:33; Kól. 3:19.
- 7.** Eiginkona ætti að bera djúpa virðingu fyrir manni sínum.
– Ef. 5:33; Kól. 3:18.
- 8.** Hjón ættu að vera hvort öðru trú.
– Mal. 2:16; Matt. 19:4–6, 9; Hebr. 13:4.
- 9.** Börnum sem virða foreldra sína og hlýða þeim farnast vel.
– Orðskv. 1:8, 9; Ef. 6:1–3.

GUÐ

- 10.** Guð á sér nafn.
– Sálm. 83:18; Jer. 10:10.
- 11.** Guð hefur samskipti við okkur.
– 2. Tím. 3:16, 17; 2. Pét. 1:20, 21.
- 12.** Guð er sanngjarn og for-dómalaus.
– 5. Mós. 10:17; Post. 10:34, 35.
- 13.** Guð vill hjálpa okkur.
– Sálm. 46:1; 145:18, 19.



BÆNIN

- 14.** Guð vill að við biðjum til sín.
– Sálm. 62:8; 65:2; 1. Pét. 5:7.
- 15.** Biblían kennir okkur að biðja.
– Matt. 6:7–13; Lúk. 11:1–4.
- 16.** Við ættum að biðja oft.
– Matt. 7:7, 8; 1. Þess. 5:17.



JESÚS

- 17.** Jesús var frábær kennari
og ráð hans eru enn í gildi.
– Matt. 6:14, 15, 34; 7:12.
- 18.** Jesús sagði fyrir atburði
sem eru að rætast nú á dögum.
– Matt. 24:3, 7, 8, 14; Lúk. 21:10, 11.
- 19.** Jesús er sonur Guðs. – Matt.
16:16; Jóh. 3:16; 1. Jóh. 4:15.
- 20.** Jesús er ekki Guð almáttugur.
– Jóh. 14:28; 1. Kor. 11:3.



RÍKI GUÐS

- 21.** Ríki Guðs er raunveruleg stjórn
á himnum. – Dan. 2:44; 7:13, 14;
Matt. 6:9, 10; Opinb. 11:15.
- 22.** Ríki Guðs mun leysa stjórnir
manna af hólmi. – Sálm. 2:7–9;
Dan. 2:44.
- 23.** Ríki Guðs er eina lausnin á
vandamálum mannkyns. – Sálm.
37:10, 11; 46:9; Jes. 65:21–23.



ÞJÁNINGAR

- 24.** Guð veldur ekki þjáningum
okkar. – 5. Mós. 32:4; Jak. 1:13.
- 25.** Heimurinn er á valdi Satans.
– Lúk. 4:5, 6; 1. Jóh. 5:19.
- 26.** Guð lætur sig varða um
þjáningar þínar. – Sálm. 34:17–19;
Jes. 41:10, 13.
- 27.** Guð mun binda enda á þján-
ingar innan skamms. – Jes. 65:17;
Opinb. 21:3, 4.



DAUÐINN

- 28.** Hinir dáu hafa enga meðvit-
und, þeir þjást ekki. – Préd. 9:5;
Jóh. 11:11–14.
- 29.** Hinir látnu geta hvorki hjálpað
okkur né skaðað okkur. – Sálm.
146:4; Préd. 9:6, 10.
- 30.** Látnir ástvinir verða reistir upp
á ný. – Job. 14:13–15; Jóh. 5:28, 29;
Post. 24:15.
- 31.** „Dauðinn verður ekki til framar.“
– Opinb. 21:3, 4; Jes. 25:8.



TRÚARBRÖGÐ

- 32.** Guð hefur ekki velþóknun á
öllum trúarbrögðum. – Jer. 7:11;
Matt. 7:13, 14, 21–23.
- 33.** Guð hefur andstyggð á
hræsni. – Jes. 29:13; Míka 3:11;
Mark. 7:6–8.
- 34.** Ósvikinn kærleikur ein-
kennir sanna trú. – Míka 4:3;
Jóh. 13:34, 35.

Ættirðu að binda enda á samtalið?

Ef einhver ber fram einlæga spurningu eða áhyggjuefni sitt viljum við gjarnan halda samræðunum áfram. Okkur langar til að tala við fólk, sem hefur það hugarfar sem þarf til að hljóta eilíft líf. – Post. 13:48.

En hvað ef viðmælandinn er reiður, vill þræta eða langar einfaldlega ekki að tala þá stundina? Haltu ró þinni og endaðu samtalið kurteislega. (Orðskv. 17:14) Reyndu að kveðja hann á vinsamlegum nótum svo að hann langi kannski að tala við okkur seinna meir. – 1. Pét. 2:12.



Að halda biblíunámskeið með hjálp bókarinnar *Von um bjarta framtíð*

Einlægar bænir og mikil rannsóknarvinna býr að baki námsgagninu *Von um bjarta framtíð*. Notaðu eftirfarandi nálgun til að það nýtist sem best þegar þú heldur biblíunámskeið.

Fyrir námsstundina

1. Undirbúðu þig vel. Hugsaðu um þarfir, kringumstæður og sjónarmið nemanda þíns. Reyndu að sjá fyrir þér hvað gæti vafist fyrir honum eða hverju honum á eftir að finnast erfitt að fara eftir. Hugleiddu hvernig efnið í rammanum „Kannaðu“ gæti nýst nemandanum og gríptu til þess eftir þörfum meðan á náminu stendur.

Í námsstundinni

2. Farðu með bæn í upphafi og lok hverrar námsstundar ef nemandinn hefur ekkert á móti því.
3. Gættu þess að tala ekki of mikið. Einbeittu þér að námsefninu og leyfðu nemandanum að tjá sig.
4. Þegar þú byrjar á nýjum hluta skaltu lesa setninguna sem lýsir umfjöllunarefni þess hluta og skoða síðan nokkur kaflaheiti.
5. Við lok hvers bókarhluta skaltu fara yfir upprifjunarspurningarnar til að hjálpa nemandanum að muna þau sannindi sem hann hefur lært.





6. Við yfirferð hvers kafla skaltu:

- a. Lesa meginmálið.
- b. Lesa alla ritningarstaði sem merktir eru „Lesið“.
- c. Lesa aðra ritningarstaði eftir þörfum.
- d. Spila öll myndböndin sem merkt eru „Spilið“ (ef þú hefur aðgang að þeim).
- e. Bera fram allar spurningarnar.
- f. Beina athyglinni að myndunum í hlutanum „Kafaðu dýpra“ og hvetja nemandann til að tjá sig um þær.
- g. Notað rammann „Markmið“ til að hvetja nemandann til að fylgjast með eigin framförum. Hann gæti notað markmiðið sem gefið er upp eða sett sér önnur markmið eða gert bæði.
- h. Spyrja nemandann hvort hann hafi haft ánægju af því að lesa einhverjar af greinunum eða horfa á einhver af myndböndunum í hlutanum „Kannaðu“ þegar hann undirbjó sig fyrir námsstundina.
- i. Reyna að komast yfir heilan kafla í hverri námsstund.

Eftir námsstundina

7. Haltu áfram að hugsa um nemandann. Biddu Jehóva að blessa hann og hjálpa honum að taka framförum og biddu Jehóva líka að gefa þér visku til að vita hvernig þú getur hjálpað honum.